

ÁRSSKÝRSLA 2020

Verkmenntaskóli Austurlands



ÁRSSKÝRSLA 2020

Verkmenntaskóli Austurlands í Fjarðabyggð var stofnaður árið 1986 og byggir hann á gömlum grunni sem nær allt aftur til ársins 1943, þegar Iðnskólinn í Neskaupstað tók til starfa.

Í boði eru námsbrautir til stúdentsprófs, iðn- og starfsnámsbrautir sem og framhaldsskólabrautir. Námið er í boði eftir ýmsum leiðum, s.s. í dagskóla, fjarnámi og dreifnámi.

Sérstaða skólans í dag endurspeglast hvað helst í því að hann er eini skólinn á Austurlandi sem býður upp á fjölbreytt iðn- og starfsnám og er hann í góðum tengslum við atvinnulífið á svæðinu.



**VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS**

Samvinna - þekking - árangur

INNGANGUR

Ljósmynd: eysteinn.thor@gmail.com

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta er viðkemur starfsemi og rekstri Verkmenntaskóla Austurlands 2020 en árið var líflegt þó sannarlega hafi það um margt verið með öðru sniði en fyrristarfsár skólans.

Skólalokun, fjöldatakmörkanir, fjarnám og grímunotkun setti óneitanlega óvenjulegan svip á skólastarfið þetta árið eins og við er að búast í miðjum heimsfaraldri. Með samstilltu átaki, kjarki, eljusemi allra, nemenda og starfsmanna, tókst þó vel til og hægt var að ljúka námi í öllum áföngum á bæði vor- og haustönn. Kennarar kúventu vinnulagi sínu á einni nóttu nánast þegar stór hluti námsins færðist skyndilega yfir í fjarnám og var aðdáunarvert að fylgjast með lausnarmiðun og aðlögunarhæfni sem þarna kom bersýnilega í ljós. Nemendur létu heldur ekki sitt eftir liggja og aðlöguðust breyttu námsumhverfi með dugnaði og jákvæðni og er ekki síður hægt að dáðst að seiglu og aðlögunarhæfni unga fólksins okkar.

Þegar skólinn var lokaður eða aðgengið takmarkað voru áfangar kenndir samkvæmt stundaskrá í gegnum „rafræna kennslustofu“ sem í VA hlaut heitið *Blái hnötturinn*. Árangurinn lét ekki á sér standa og þegar rýnt er í námsárangur nemenda þetta óvenjulega ár má sjá að hann var ekki síðri en í hefðbundnu árferði. Á haustönn 2020 var þó brotthvarf meira en almennt hefur verið, bæði samkvæmt mælingum skólans og einnig samkvæmt mælingum MRN á árgangabrotthvarfi. Að vanda voru fjölbreyttar námsleiðir í boði við skólann og áhersla sem fyrri ár á kynningu námsins.

Til þess þurfti þó að finna nýjar leiðir en í stað þess að bjóða í heimsóknir og sækja grunnskóla heim var boðið upp á ýmsar

rafrænar kynningar.

Eitt og annað sem í uppbyggingu hefur verið undanfarin ár þurfti að sitja á hakanum, s.s. erlent samstarf og efling félagslífs. En við lítum á þetta sem tímabundna stöðvun og erum tilbúin að hefja leika að nýju um leið og tækifæri gefst til.

Ýmislegt rúllaði þó vel áfram í þessu árferði og er þar tækninni fyrir að þakka. Skólinn hlaut jafnlaunavottun einna fyrstur framhaldsskóla í marsmánuði og hampar nú stoltur jafnlaunamerkinu. Undir árslok var einnig hafist handa við innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri og stefnir skólinn á vera kominn með tvö skref um mitt árið 2021. Í skólanum er enda mikil áhersla lögð á umhverfismál og fékk hann afhentan Grænfána í annað sinn í desember.

Allt í allt er óhætt að segja að þrátt fyrir að árið 2020 hafi verið um margt sérstakt þá hafi það einnig verið viðburðaríkt í Verkmenntaskóla Austurlands.



Kennslustund í hársnyrtiðni á *Bláa hnettinum*

HLUTVERK & MARKMIÐ


Verkmenntaskóli Austurlands er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla, framhaldsskólalögum og öðrum lögum og reglugerðum sem snerta skólastarf á framhaldsskólastigi. Skólinn hefur að leiðarljósi þá grunnþætti menntunar sem tilteknir eru í Aðalnámskrá framhaldsskóla: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð ásamt sköpun.

Skólinn leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt nám og mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda. Sérstakt tillit er tekið til austfirsks samfélags í skólastarfinu og því er mikilvægt að byggja upp góð tengsl við aðra skóla, fyrirtæki, stofnanir og félagsamtök í landshlutanum.

Verkmenntaskóli Austurlands er eini skólinn á austanverðu landinu sem gefur nemendum kost á að leggja stund á nám á iðn- og starfsnámsbrautum auk bóknámsbrauta. Þessi sérstaða skólans krefst þess að markvisst sé unnið að kynningu á því námi sem boðið er upp á.

Í skólastarfinu er leitast við að veita góða kennslu, auka viðsýni nemenda, hvetja til gagnrýnnar og skapandi hugsunar, efla samvinnu og tillitssemi og hvetja til virðingar fyrir umhverfi og samfélagi. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendum gefist tækifæri til þátttöku í heilbrigðu og þroskandi félagslífi. Þá vill skólinn veita nemendum stuðning eftir þörfum og sem fullkomnasta aðstöðu til náms og félagslegra athafna.

SAMVINNA - ÞEKKing - ÁRANGUR





STEFNUMIÐUÐ ÁÆTLUN

Frá haustinu 2016 hefur stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára verið skilað árlega til MRN, til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Liður í stefnumiðaðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst. Hér á eftir má sjá markmið VA fyrir árin 2020 - 2022 og hvernig skólinn vinnur markvisst að því að ná markmiðum sínum.

KJARNASTARFSEMI - MARKMIÐ

1. Minnka brotthvarf úr námi

2. Efla gæði bók- og starfsnáms

3. Stuðla að aukinni aðsókn í starfsnám

Til þess að ná settum markmiðum hafa verið settar fram ýmsar aðgerðir. Áhersla er á öflugum eftirfylgni með nemendum og hvatningu. Frá upphafi haustannar 2020 fá nemendur nú umsagnir þrisvar sinnum á önn sem veita góða leiðsögn í náminu og umsjón með nemendum á framhaldsskólabraut var eflað. Samkvæmt útreikningum MRN á brotthvarfi var brotthvarf nýnema sem innrituðust í VA að loknum 10. bekk 0% á milli áranna 2019 og 2020.

Markvisst er fylgst með viðhorfi nemenda til kennslu og aðstöðu í skólanum og áhersla er lögð að rýna niðurstöður hvers kennara í starfsmannasamtölum. Að sama skapi hefur verið lögð áhersla á að bæta aðbúnað nemenda og starfsmanna. Betur má þó ef duga skal en skólinn býr við þrengsli og að sama skapi vantar þar aðstöðu fyrir félagslíf og mótuneyti innan skólahúsnæðisins. Að hluta til horfir þetta þó til bóta með fyrirhuguðum breytingum á húsnæði skólans af hálfu Ríkiseigna. Breytingarnar duga þó ekki til þess að bæta úr aðstöðuskorti iðn- og starfsnámsdeilda.

Gæðastjórnun náms verður sífellt markvissari við skólann eftir því sem gæðakerfi skólans nær að skjóta dýpri rótum en gæðakerfið er ein af leiðum skólans til að bæta gæði náms og kennslu. Eins og hér hefur fyrr komið fram er

stefnt á ISO 9001 vottunarúttekt í upphafi árs 2021.

Unnið er markvisst að aukinni aðsókn í starfsnám og vinnur VA með öðrum starfsnámskólum að öflugu kynningarstarfi. Að sama skapi heldur skólinn í samstarfi við Austurbrú Tæknidag fjölskyldunnar á hausti hverju og er markmið skólans að stuðla þannig að öflugu kynningarstarfi. Alla jafna sækja um 15% íbúa fjórðungsins daginn heim en hann féll því miður niður haustið 2020 vegna samkomutakmarkana sem þá voru í gildi.

REKSTRARÞÆTTIR - MARKMIÐ

1. Efling mannauðs

2. Að reka skólann innan fjárheimilda ár hvert.

Til þess að ná settum markmiðum hafa verið settar fram ýmsar aðgerðir. Áhersla er á auknið aðgengi að námskeiðum og jafningjafræðslu innan skólans sem og aðgengi að skólaheimsóknum og námskeiðum erlendis. Skipulag í tengslum við starfsmannasamtöl var bætt, starfsmannasamtölum fjölgaði til muna á árinu og endurskoðun og samþykkt starfslýsinga er hafin.

Markmið um að reka skólann innan fjárheimilda náðist á árinu og var það vegna aukins fjármagns til skólans með fjáráukalögum vegna nemendafjölgunar og kostnaðar í tengslum við Covid-19. Að sama skapi eru nú gátlistar markvisst notaðir í tengslum við skipulag innkaupa og að sama skapi í tengslum við birgjaskrár.

"Þar sem
lognið
hlær svo
dátt"





NEMENDUR

Nemendafjöldinn við skólann hefur verið að aukast undanfarin ár og jókst hann enn umtalsvert haustið 2020 en þá voru nemendur í VA alls 381 talsins. Til samanburðar var fjöldinn 283 á haustönn 2019 (sjá nánar í ársskýrslu VA fyrir árið 2019).

Í VA segja fjöldatölur þó ekki alla söguna því talsvert er um að nemendur séu ekki í fullu námi og á það fyrst og fremst við um nemendur í fjar- og dreifnámi sem stunda nám sitt samhliða vinnu. Reiknuð nemendaígildi* á haustönn 2019 voru 182 en á haustönn 2020 voru reiknuð nemendaígildi 263.

Á sama tíma hefur kenndum námsbrautum við skólann fækkað en ekki hefur verið boðið upp á nám á nýsköpunar- og tæknibraut frá vorönn 2020. Að sama skapi var dreifnám í mál- og véltæknigreinum lagt niður. Í báðum tilvikum er skýringin fólgin í takmarkaðri aðsókn.

VORÖNN 2020

Nemendafjöldi: 290

- 129 kvk.
- 161 kk.

Meðalaldur nemenda: 26,2 ár

Nemendaígildi: 159

Brotthvarf**: 4,8%

HAUSTÖNN 2020

Nemendafjöldi: 397


- 202 kvk.
- 195 kk.

Meðalaldur nemenda: 27,6 ár


Nemendaígildi: 263

Brotthvarf: 8,2%

DREIFING NEMENDA EFTIR ALDRI



DREIFING NEMENDA EFTIR ALDRI



*Við útreikning nemendaígilda er eingöngu tekið tillit til eininga nemendahópsins í heild, óháð aðal- og aukaskóla

**Brotthvarf er reiknað út frá fjölda nemenda sem segir sig úr námi miðað við heildarfjölda nemenda

NÁMSFRAMBOÐ

Námsframboð við Verkmenntaskóla Austurlands er afar fjölbreytt og í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig nemendur dreifast á hinar ýmsu námsbrautir skólans.

Námið er allt í boði í dagskóla fyrir utan sjúkraliðanámið og námsbrautir fyrir leikskólaliða og stuðningsfulltrúa.

Sjúkraliðanámið í VA er kennt í samvinnu við tvo aðra framhaldsskóla, FNV og MÍ, og er hluti af samstarfi innan Fjarmenntaskólans.

Ein iðnnámsdeild skólans er í boði í bæði dagskóla og dreifnámi en það er rafiðndeildin. Þar er fagbóklegt nám í boðið í gegnum netið og vinnustofur fyrir verklegan þátt námsins í boði utan dagvinnutíma þrisvar í viku.

	Vorönn 2020	Haustönn 2020
Framhaldsskólabrautir		
Framhaldsskólabrautir (nýbúa og almenn)	15	11
Starfsbraut	13	9
Námsbrautir til stúdentsprófs		
Félagsvísindabraut	14	15
Náttúruvísindabraut	25	21
Opin stúdentsbraut	21	46
Nýsköpunar- og tæknibraut	13	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	2
Iðn- og starfsnámsbrautir		
Grunnnám bygginga og mannvirkjagreina	<i>Ekki kennt á vorönn</i>	20
Húsasmiði	14	7
Grunnnám rafiðna	27	40
Rafvirkjun	8	11
Grunnnám málm- og véltæknigreina	14	21
Vélstjórn B	9	9
Vélvirkjun	0	0
Hársnyrtiiðn (fyrstu 4 annirnar)	7	6
Sjúkraliðabraut / sjúkraliðabrá	94	111
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabrautir	12	28
Annað		
Ótilgreint nám/Námskeið	2	40
Samtals fjöldi nemenda	290	397



STARFSFÓLK

Á ársgrundvelli voru um 31 stöðugildi við skólann sem skiptust í 22,5 við kennslu og 8,5 við rekstur og þjónustusvið.

KENNSLUSVIÐ

Á kennslusviði störfuðu 29 manns í 22,3 stöðugildum á vorönn en 30 manns störfuðu í 22,5 stöðugildum á haustönn. Fjórir kennarar voru einnig deildarstjórar samhliða kennslu þ.e. á öllum iðnnámsbrautum og á starfsbraut. Á haustönn voru 7 aðilar lausráðnir til kennslu í iðn- og starfsnámi í 15-25 % starfi. Meðalaldur kennara skólans er 46 ár.

ÞJÓNUSTUSVIÐ

Á þjónustusviði voru 9 starfsmenn í um 5 stöðugildum sem skiptast í ritara, húsvörð, ræstitækna, náms- og starfsráðgjafa, kerfisstjóra og nemendagæslu. Sú breyting varð á árinu að ritari sem var í 50% starfi hætti og ekki ráðið í staðinn. Einnig var ræstitæknir í 75% starfi í launalausum leyfi á haustönn og ræstiþjónusta ráðin í staðinn.

STJÓRNENDUR

Skipuriti skólans var breytt á haustönn 2020 og eru nú fjórir aðalstjórnendur við skólann; skólameistari, aðstoðarskólameistari, gæðastjóri og fjármála- og skrifstofustjóri. Allir þessir aðilar eru í fullu starfi. Gæðastjóri sinnir kennslu samhliða stjórnun. Starf fjármála- og skrifstofustjóra var áður einskorðað við fjármálastjórn en breyttist á haustönn þegar ritari sem verið hafði í 50% starfi hætti störfum. Heiti starfsins var þá breytt í fjármála- og skrifstofustjóri og almenn þjónusta á skrifstofu og skjalastjórnun var felld inn í starf fjármálastjóra.

Auk aðalstjórnenda stýra fjórir deildarstjórar fagsviðum í iðn- og starfsnámi í hlutastarfi samhliða kennslu og teljast þeir því einnig með kennslusviði hér ofar.

Kærleiksdagar 2020 - Óvissuferð í Vök

Í marsmánuði ár hvert eru haldnir Kærleiksdagar í VA. Ýmiss konar uppbrot fer fram þessa daga og er áherslan á að láta gott af sér leiða. Kærleiksdögum lýkur með árshátíð skólans.



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS



SAMSTARF

Skóli er hluti af samfélagi sínu, hvort sem um ræðir nærsamfélag hans eða menntasamfélag í heimi þar sem fjarlægðir verða sífellt minni vegna tækniþrýðna og aukinna ferðalaga. VA á í viðtæku samstarfi út fyrir skólann við hina ýmsu aðila og hafa áhrifin jákvæð áhrif á þróun og eflingu skólans.

SAMSTARF VIÐ NÆRUMHVERFI OG ATVINNULÍF

VA stendur í nánum tengslum við umhverfi sitt og atvinnulífið. Nokkuð er um að einstaklingar úr atvinnulífinu komi inn og kenni staka áfanga í iðn- og starfsnámi við skólann og eru þau tengsl við vinnumarkaðinn dýrmæt. Einnig hefur atvinnulífið stutt við skólann með styrkjum til kaupa á tækjabúnaði. Loks má nefna að árlega er *Tæknidagur fjölskyldunnar* haldinn í VA í samstarfi við Austurbrú og fyrirtæki og stofnanir í fjórðungnum.

SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA

Markvisst er unnið með grunnskólum á Austurlandi að kynningum á námi við skólann. Starfsfólk og nemendur sækja elstu nemendur grunnskólanna heim og einnig er nemendum boðið í heimsóknir í VA. Verknámsvika er haldin árlega í samstarfi við Fjarðabyggð en þá fá nemendur í 9. bekk tækifæri til að sækja nám í iðn- og starfsnámdeildum skólans vikulengt.

Stjórnendateymi VA tekur þátt í fundum skólastjórnenda í Fjarðabyggð þar sem samstarfsmöguleikar eru ræddir. Á vorönn 2021 stendur til að bjóða kennurum og öðru starfsfólki af unglingastigi í grunnskólum Fjarðabyggðar í heimsókn þar sem námið við skólann verður kynnt og samtalið á milli skólastiga verður aukið.

SAMSTARF VIÐ AÐRA FRAMHALDSSKÓLA

Viðtækt samstarf fer fram við aðra framhaldsskóla, þá helst í gegnum SMÍ, samstarf starfsnámsskólanna og Fjarmenntaskólann. Samstarfið er dýrmætt og styrkir skólann og starfsfólk hans.

ERLENT SAMSTARF

Frá árinu 2017 hefur VA verið virkur þátttakandi í erlendu samstarfi í gegnum menntaáætlun Evrópusambandsins, sem nánar má kynna sér á [heimasíðu skólans](#). Samstarfið gefur bæði nemendum og starfsfólki dýrmæt tækifæri til að fóta sig í síbreytilegu og alþjóðlegu umhverfi 21. aldarinnar.

*„Ef hlutirnir hafa alltaf verið
svona segi ég að tími sé kominn
til að breyta.“*

Einar Már Sigurðarson, fyrrum skólameistari VA



ÞRÓUN

Skólastarf í VA er í sífelldri þróun eins og vera ber enda á kyrrstaða litla samleið með skólastarfi. Hér má sjá nokkur dæmi um þróunarstarf í skólanum á árinu.

LJÓSKER, VITI OG VARÐA

Á vorönn 2020 fór fram endurskoðun á upplýsingagjöf til nemenda (og forráðafólks) með það í huga að gefa reglulega endurgjöf á námsstöðu með leiðsagnarmat og jákvæða endurgjöf að leiðarljósi. Haustið 2020 var svo haldið af stað með verkefnið og í stað fjarvistartímabíla sem áður voru fá nú nemendur umsagnir þrisvar sinnum yfir önnina í öllum áföngum sem bera heitin ljósker, viti og varða.

AUKIN NOTKUN UPPLÝSINGATÆKNI

Skólalokun og aðrar takmarkanir skólastarfs á árinu ýttu undir miklar framfarir í notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.

Blái hnötturinn

- Hér er um að ræða „veflæga kennslustofu“ sem nýtt var í fjarnámi á árinu. Áður en til skólalokunar kom um miðjan mars voru kennarar og nemendur búnir að læra á Bláa hnöttinn.

Breyttir kennsluhættir og aukin spegluð kennsla

- Aukið fjarnám hafði mikil áhrif á kennsluhætti og jók til muna notkun speglaðrar kennslu.

Fræðsludagur kennara

- Þær ögranir sem árið færði kennurum skólans ýtti undir þróun lærdómssamfélags við skólann. Dæmi um það er stafrænn jafningja-fræðsludagur kennara sem haldinn var í október.

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Höfuðstóll í upphafi árs 2020 var neikvæður um rúmar 3,7 millj. Staða í árslok 2020 er jákvæð um rúmar 14,6 milljónir en yfirlit um afkomu ársins 2020 má sjá hér fyrir neðan.

Rekstur skólans var mjög þungur allt árið, allt þar til viðbótarframlag vegna fjölgunar nemenda og Covid kostnaðar kom til í árslok. Með þessari auknu fjárveitingu snérist staðan við og fór ársniðurstaða úr því að vera áætluð neikvæð um 24 milljónir yfir í jákvæða stöðu.

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	446.044.000	397.747.405
Aðrar tekjur		10.791.000	8.753.500
Seld þjónusta	3	10.166.334	3.243.000
Vörusala		24.445	184.625
Framlög og ýmsar tekjur	4	18.909.667	30.108.834
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	8.826.366	8.376.453
Tekjur samtals		494.761.812	448.413.817
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	335.573.429	316.797.452
Annar rekstrarkostnaður	6	131.890.951	145.439.623
Afskriftir	7	8.826.366	8.376.453
Gjöld samtals		476.290.746	470.613.528
Afkoma fyrir fjármagnsliði		18.471.066	(22.199.711)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	6	1.298	
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(119.555)	(77.167)
		(119.549)	(75.869)
Afkoma ársins		18.351.517	(22.275.580)



Í Verkmenntaskóla Austurlands er rík áhersla lögð á umhverfismál. Skólinn hefur verið þátttakandi í verkefninu *Skólar á grænni grein* frá haustinu 2016 og á haustönn 2020 hófst starf við innleiðingu *Grænna skrefa í ríkisrekstri*.

UMHVERFISNEFND OG GRÆNFÁNI

Á haustönn 2020 fékk skólinn afhentan Grænfána í annað sinn. Umsjón Grænfánaverkefnins er í höndum umhverfisnefndar skólans en í henni sitja fulltrúar nemenda og starfsmanna.

Umhverfisnefnd skólans hlaut á árinu styrk úr Sprotasjóði upp á rúmar 3 milljónir til að vinna að samstarfsverkefninu Umhverfismál til framtíðar. Verkefnið er í samstarfi við Nesskóla og Náttúrustofu Austurlands og snýst um að gera umhverfismálum hátt undir höfði með ýmsum viðburðum í gegnum skólaárið 2020-2021. Í gegnum verkefnið er ætlunin að hafa heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og á það að teygja sig út fyrir stofnanirnar og inn í samfélagið allt með sjálfbærni samfélagsins sem lokatakmark.

Því miður setti heimsfaraldur með sínum samkomutakmörkunum strik í reikninginn en umhverfisnefndin er ekki af baki dottin og mun koma verkefninu aftur í gang um leið og færi gefst.



HÚSNÆÐI

Verkmenntaskóli
Austurlands

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum er húsnæði skólans um margt gott hvað kennslu- aðstöðu varðar. Það á þó helst við um aðstöðu til bóknámskennslu en aðstaða iðnnámsdeilda er að segja má sprungin. Þar er mikilvægt að bætt verði úr en skólinn hefur lagt áherslu á að byggt verði undir byggingaiðndeild skólans. Með því móti, samhliða breytingum, mætti vel bæta úr aðstöðuleysi deilda og auka nýtingu og aðbúnað þegar aðsókn er mikil. Eins og staðan er í dag býður húsnæðið ekki upp á fulla nýtingu með tilliti til stærðar nemendahópa sem kemur niðri á rekstrarforsendum skólans.

Í Verkmenntaskóla Austurlands sem og öðrum framhaldsskólum er mikil aðsókn í iðn- og tækninám sem veldur aukinni húsnæðispörf fyrir þessar greinar. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, skipaði starfshóp á árinu til að greina þessa þörf. Bindum við miklar vonir við að þetta starf muni skila betri aðstöðu fyrir starfsnám við skólann.

Að sama skapi vantar aðstöðu fyrir félagslíf nemenda en enginn samkomusalur er í skólanum. Mötuneyti vantar innan skólahúsnæðis, það er í dag staðsett á heimavist skólans sem veldur því að nýting er ekki nógu góð. Áhrifin eru þau að rekstrarstöðu mötuneytis er ógnað sem er óæskilegt gagnvart rekstrarforsendum skólans. Einnig er svo að þörf er á meira rými fyrir kennara í bóknámshúsi og vinnuaðstaða kennara í verknámshúsi er óboðleg. Þar er hávaðamengun mikil því vinnuaðstaðan er við hlið vélasala og mestmegnis einungis glerveggur á milli. Þessi vandi hvað húsnæði skólans varðar horfir þó til batnaðar. Leigjendur eru nú farnir úr austurenda skólahúsnæðisins og framundan eru breytingar af hálfu Ríkiseigna sem munu skila umtalsvert betri aðstöðu fyrir starfsfólk, félagsaðstöðu fyrir nemendur og afgreiðslueldhúsi innan skólans.

**Við VA er starfrækt
heimavist með góðum
aðbúnaði fyrir
nemendur ... og ekki
spillir umhverfið
fyrir!**



**VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS**



GÆÐAMÁL

Í Verkmenntaskóla Austurlands eru árangur og gæði skólastarfsins markvisst metin eins og gert er ráð fyrir í lögum um framhaldsskóla og er nánar útfært í reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum (700/2010). Innra mat skólans er mjög virkt og samofið annarri starfsemi hans.

INNRA MAT

Frá árinu 2014 hefur verið unnið að innleiðingu á ISO 9001 gæðastjórnunarkerfinu í VA. Sést loks fyrir endann á innleiðingarferlinu og er stefnt á vottunarúttekt í upphafi árs 2021.

Á þessum árum hefur mikið vatn runnið til sjávar og er gæðastjórnunarkerfi skólans orðið mjög öflugt með afar virku gæðaeftirliti og innri úttektum kerfisins sjálfs. Gæðastjórnunarkerfið hefur vaxið og í raun má segja að um rekstrarstjórnun sé að ræða í dag þar sem kerfið tekur mið af kröfum ISO 9001, ytri kröfum eins og lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá framhaldsskóla ásamt því sem eigin kröfur skólans verða sífellt umfangsmeiri þáttur kerfisins.

Á heimasíðunni, www.va.is, má lesa nánar um sjálfsmat skólans og fyrir áhugasama er vert að benda á skýrslurnar Rýni stjórnenda sem skrifaðar eru í lok hverrar annar. Þar má fá afar góða yfirsýn yfir gæðastarf skólans ásamt stefnu fram á við til stöðugra umbóta.

YTRA MAT

Ytra mat af hálfu Menntamálastofnunar átti að fara fram í Verkmenntaskóla Austurlands á vorönn 2020 en heimsfaraldur setti þar strik í reikninginn. Þráðurinn var tekinn upp að nýju um haustið en enn var Covid-19 að bregða fyrir okkur fæti þar sem ekki var æskilegt að fá gesti inn í skólann. Loks var brugðið á það ráð að framkvæma ytra matið í gegnum fjarfundi og gekk það ljómandi vel. Úttektaraðilar ræddu við meiri hluta starfsmanna skólans og hina ýmsu aðila skólasamfélagsins. Niðurstaðan úttektar var góð og má nálgast skýrsluna á heimasíðu skólans. Næsta skref er að hefja gerð umbótaáætlunar en það verkefni er í höndum gæðaráðs skólans undir stjórn gæðastjóra.

LOKAORÐ

Skýrsla þessi sýnir glögglega að árið 2020 var viðburðaríkt í Verkmenntaskóla Austurlands eins og fyrri ár. Mikið líf er í starfsemi skólans, bæði í daglegu starfi og hinum ýmsu kynningar- og þróunarverkefnum.

Heimsfaraldur hafði óhjákvæmilega sín áhrif á skólastarfið, jafnt jákvæð sem ekki svo jákvæð. Jákvæðu áhrifin má sjá í gífurlegri skólaþróun sem fylgdi því að heilum skóla skyldi skutlað yfir í fjarnám í veflægum kennslustofum á því sem næst einni nóttu. Einnig urðu fjarfundir lítið mál með tilheyrandi bættu aðgengi landsbyggðarinnar að fræðslu og ýmsu samstarfi. Því ber að fagna.

Að sama skapi reyndi talsvert á nemendur og starfsfólk sem bjó svo mánuðum skipti við nám og starf í gegnum hinar ýmsu fjarfundalausnir en leysti viðfangsefni sín þar með miklum glæsibrag. Því þrátt fyrir að tæknin bjóði upp á ýmsa möguleika þá er maður enn manns gaman ... í raunheimum.

Ef eitt stykki heimsfaraldur er tekið út fyrir sviga má segja að helstu áskoranir ársins hafi að vanda falist í því að standa vörð um fjölbreytt námsframboð skólans. Með því að standa vörð um námsframboðið stöndum við vörð um nám í heimabyggð og þar með samfélagið okkar allt. Það verkefni höfum við leyst með prýði í ár sem fyrri ár.

Við sigldum inn í sólsetur ársins 2020 reynslunni ríkari og enn meðvitaðri en áður um það hversu miklum mannauði við búum að sem og aðlögunarhæfni. Eftir ögranir ársins hljótum við að geta tekist á við flest þau verkefni sem framtíðin mun færa okkur.

Fjarðabyggð, 01.04.2021

Lilja Guðný Jóhannesdóttir
skólameistari